

1865.

12. okt.

gjaldþaga, á fjárhagsárinu 1864--65, og hélt stiptamtíð að það mundi verða gjört.

Þó að stiptamtíð væri minnt á málefni þetta í bréfi 29. nóvembermán. 1864, hefir stjórnarráðið samt ekki fengið neina skýrslu seinna um, hvað gjört hafi verið því til leiðréttingar; en af jarðabókarreikningnum fyrir fjárhagsárið 1864—65 sést, að á því fjárhagsári hefir ekki verið borgað nema 102 rdl. uppí lán þetta, og af útdrætti af jarðabókarreikningnum fyrir hálfmissirið frá 1. aprílmán., til 30. júnímán. þ. á., að á þessu fjárhagsári hafi verið borgaðir 128 rdl., eða alls 230 rdl. — Þær eruð því beðnir, herra stiptamtmaður, að ganga ríkt eptir, að það sem enn er ógoldið af láni þessu, en það eru 770 rdl., þaræð allt lánið samkvæmt fjárhagslögunum fyrir árið 1861—62 átti að vera borgað fyrir lok fjárhagsársins 1865—66, án lengri undandrattar verði goldið inní ríkissjóðinn fyrir 31. dag marzmán. 1866, og má ekki útaf því bregða.

12. okt.

90. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um bann gegn því, að flytja ýmsar skepnur m. m. frá útlöndum til Íslands.¹

Sökum þess að næm veikindi á skepnum ganga víða í útlöndum, hefir dómsmálastjórninni þókt hlýða að leggja bann fyrir, að flutt sé fyrst um sinn til Íslands frá Englandi, Frakklandi, Hollandi, Belgíu, Hannóver, Oldenborg, Brimum, Hamborg, Lýbekk, Slésvík, Holtsetalandi og Lauenborg² nautpeningur, sauðfenaður, svín og geitur, hráir og óverkadir hlutir af skepnum, einkum allskonar húðir, hvort sem þær eru þurkaðar eða saltaðar, bein, horn, háir, ull, burstarhár af svínum, óbræddur tólkur og kjöt, og loks hey og hálmur. Öll önnur tamin dýr,

¹) Þetta bann var líka kunngjört útgjörðarmönnum gufu-póstskipsins.

²) Samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 27. febrúarmán. 1866 hafa Rússland, Prússland og allar hafnir á Þýzkalandi seinna verið teknar með.

sem koma til Íslands frá löndum þeim, er nefnd eru hér að framan, verður að breinsa með klóri, áður en þau sé seld eigand-
anum í hendur til frjálsra nota.

1865.
12. okt.

Þetta er yður hérmeð kunngjört, herra (tit.), sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það á þann hátt, sem yður þykir best við eiga.

91. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um breyting á lögum þeim, sem nú gilda á Íslandi um vegabréf.

12. okt.

Eptir að stiptamtíð samkvæmt áskorun dómsmálastjórnarinnar hafði látið það álit sitt í ljósi í bréfi dagsettu 4. júnímán. 1863, að réttast væri að láta ákvarðanir þær, er nú gilda um vegabréf á Íslandi, haldast óbreyttar, það stjórnarráðið stiptamtíð í bréfi 15. júlímán. f. á. um að skýra frá álitinu um uppástungu nokkra, er amtmaðurinn yfir norður- og austur-umdæminu hafði komið fram með; var uppástungan þess efnis, að í stað þeirrar tilhögunar, sem nú er á málefni þessu, skuli verða skipað svo fyrir, að hverjum manni, þegar hann er fermdur, skuli fengið skjal eða bók, er löggilt sé af sóknarprestinum; skuli ritað í hana, hvenær hlutaðeigandi sé fæddur, skírður, fermdur og jafnvel bólusettur, og sé hann skyldur til, hvenær sem hann flytur sig úr einum hrepp í annan, að fá hlutaðeigandi hreppstjóra til að skrifa í bókina vitnisburð um, hversu lengi og í hvaða stöðu hann verið í hrepp þeim, er hann nú fer úr, og hvenær hann hafi komið í hrepp þann, er hann flutti sig í. Stiptamtíð hefir síðan látið í ljósi í bréfi dagsettu 1. septembermán. s. á., að uppástunga þessi naumast sé svo löguð, að fallizt verði á hana, og í öllu falli virðist ekki vera nein þörf á, að gjörðar séu ráðstafanir þær, sem uppástungan miðar til.

Eptir að dómsmálastjórnin enn á ný hefir íhugað málefni þetta, skulum vér geta þess, sem hér á eptir greinir, um það, hvort ástæða sé til að breyta ákvörðunum þeim, sem nú gilda á Íslandi um vegabréf.